

Fimmtudaginn 18. maí 1995.

Nr. 505/1993.

**Borgarverk hf.**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

**Vökvælum hf. og**

**Guðjóni Sveinssyni**

(Othar Örn Petersen hrl.)

**og gagnsök**

Lausafjárkaup. Galli. Skaðabætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 14. desember 1993. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér sameiginlega 483.404 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu fyrir sitt leyti til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1994. Þeir krefjast sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu sækir aðaláfrýjandi bætur úr hendi gagnáfrýjenda vegna tjóns, sem hann kveðst hafa orðið fyrir vegna bilunar í vinnuvél í janúar 1989, en hana keypti hann af gagnáfrýjandanum Vökvælum hf. 10. nóvember 1988. Krefst aðaláfrýjandi bóta, sem svara verði varahluta ásamt kostnaði af flutningi þeirra og viðgerðarvinnu, átæluðu tekjutapi af vinnuvélinni, meðan á viðgerðinni stóð, útgjöldum vegna starfsmanna, sem urðu að bíða á verkstað, meðan viðgerð fór fram, og kostnaði af öflun álitsgerðar Iðntæknistofnunar Íslands um orsakir bilunarinnar. Eru þetta samtals 635.539 krónur, en aðaláfrýjandi dregur þar frá 152.135 krónur, sem hann fékk greiddar frá Vélum og Þjónustu hf. í apríl 1989, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Er dómkrafa aðaláfrýjanda mismunurinn á þessum fjárhæðum.

Aðaláfrýjandi reisir málsóknina á því, að keiluhjól (svokallaður „pinion“) í drifi vinnuvélarinnar hafi brotnað og það hafi valdið umræddri bilun. Við rannsókn á keiluhjólinu, sem aðaláfrýjandi fékk hjá Iðntæknistofnun Íslands, hafi verið leitt í ljós, að það hafi áður brotnað á sama stað og þá verið soðið saman. Í álitserð stofnunarinnar sé komist að þeirri niðurstöðu, að bilunin í janúar 1989 eigi rætur að rekja til þess, að galli hafi verið á málmsuðunni, þegar gert var við vélina í kjölfar fyrri bilunar. Aðaláfrýjandi kveður þá viðgerð hafa farið fram, þegar vinnuvélin var í eigu gagnáfrýjandans Vökvavéla hf. Hafi gagnáfrýjandanum Guðjóni verið kunnugt um viðgerðina, þegar hann stóð sem forráðamaður félagsins að sölu vinnuvélarinnar til aðaláfrýjanda, en hann hafi ekki greint aðaláfrýjanda frá fyrri biluninni og hvernig þá hafi verið gert við vélina. Af þessum sökum telur aðaláfrýjandi, að gagnáfrýjendur beri bótaábyrgð á tjóni hans samkvæmt 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Gagnáfrýjendur byggja meðal annars á því, að fyrirsvarsmanni aðaláfrýjanda hafi verið greint frá fyrri biluninni og viðgerð á henni, áður en kaupin voru gerð. Einnig mótmæla þeir því, að bilunin í janúar 1989 geti stafað af því einu, að keiluhjólið hafi bilað áður og verið soðið saman, jafnvel þótt einhver annmarki kunni að hafa verið á suðunni. Telja gagnáfrýjendur, að álitserð Iðntæknistofnunar Íslands sé ekki viðhlítandi sönnunargagn fyrir því. Benda þeir á, að fyrri viðgerðin hafi verið unnin 1985, en vinnuvélin verið í fullri notkun, þar til hún var seld aðaláfrýjanda. Bilunin hljóti því að stafa af atvikum, sem hefðu allt eins getað valdið, að nýr vélarhlutur hefði brotnað, svo sem að reynt hafi um of á vélina eða álag á keiluhjólinu orðið of mikið vegna vanstillingar á vél.

## II.

Í álitserð Iðntæknistofnunar Íslands er greint frá því, að keiluhjólið hafi brotnað áður á sama stað og verið soðið saman, en við rannsókn stofnunarinnar hafi fundist gjall í brotsári og harka málmsins þar reynst minni en annars staðar í hjólinu. Er dregin sú ályktun af þessu, að það verði „að teljast líklegt að suðugallar ... séu valdir að því að pinioninn hafi brotnað“, svo sem segir í álitser-

gerðinni. Aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar á hendur gagnáfrýjendum á þessari ályktun.

Álitsgerð sem þessari verður ekki jafnað við matsgerð dómkvadds manns að sönnunargildi um þau atriði, sem um ræðir í 1. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Einnig skortir að ýmsu leyti á, að tekin sé afstaða í þessari álitsgerð til atriða, sem hafa gildi við úrlausn málsins, en auk þess virðist upplýsingum hafa verið áfátt við gerð hennar. Meðal annars verður ekki séð, að leitað hafi verið vitneskju um, hvenær keiluhjólið bilaði í fyrra sinn eða hvernig notkun vinnuvélarinnar var síðan háttáð, þar til aðaláfrýjandi eignaðist hana. Þá kemur fram í álitsgerðinni, að styrkleiki málms í brotsári hafi mælst minni en annars staðar í keiluhjólinu, en skýringar vantar hins vegar með öllu á því, hverju þessi veikleiki getur varðað. Af þessum sökum er ekki unnt gegn mótmælum gagnáfrýjenda að styðja við álitsgerðina niðurstöðu um það, hvort viðgerðin á keiluhjólinu hafi aukið, svo að máli skipti, líkindi fyrir, að bilun gæti orðið á vinnuvélinni við eðlilega notkun hennar. Þar sem önnur gögn liggja ekki fyrir til stuðnings staðhæfingum aðaláfrýjanda um þetta efni, verður að telja ósannað, að tjón hans verði rakið til atvika, sem gagnáfrýjendur geta borið ábyrgð á.

Samkvæmt þessu verða gagnáfrýjendur sýknaðir af kröfum aðaláfrýjanda. Eftir atvikum er rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, Vökvavélar hf. og Guðjón Sveinsson, skulu vera sýknir af kröfum aðaláfrýjanda, Borgarverks hf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. september 1993.**

Mál þetta, sem dómtekið var 7. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Borgarverki hf., kt. 540674-0279, Sólbakka 17–19, Borgarnesi, gegn Vökvavélum hf., Lyngási, Egilsstöðum, kt. 531284-0469, og Guðjóni Sveinssyni, Árskógum 11, Egilsstöðum, kt. 270150-3739, með stefnu, þingfestri 26. nóvember 1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að báðir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 635.539 kr., ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum máflutningi 5. mars sl. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 7. september sl. Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

## I.

*Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hann hafi keypt af stefnda Vökvavélum hf. Case-680-traktorsgröfu, árgerð 1980, ásamt fleiri tækjum 10. nóvember 1988. Verð allra hinna seldu tækja hafi verið 4.000.000 kr. og greitt með skuldabréfi til tveggja ára og að fullu greitt. Í lok janúar 1989 hafi traktorsgrafan verið í vinnu í nágrenni Bíldudals, er „pinion“, sem er hluti af drifi vélarinnar, brotnaði. Í ljós hafi komið við athugun á biluninni, að brotið hafi verið um gamla og gallaða suðu. Niðurstaða Iðntæknistofnunar 20. mars 1989, sem fengin hafi verið til að athuga hinn brotna „pinion“, hafi verið sú, að suðugallar væru að öllum líkindum ástæða brotsins.

Afleiðingar bilunar traktorsgröfunnar hafi verið margþættar: Viðgerðar-reikningur frá Vélsmiðju Tálknafjarðar hafi verið 57.813 kr., varahlutakaup í Vélum og Þjónustu ásamt vöxtum 154.312 kr., varahlutakaup hjá Fálkanum 8.824 kr., vinnutap vélarinnar í fjóra daga, 36 klst. með 8.490 kr. á klst., 305.640 kr., vinna tveggja vélamanna í fjóra daga ( $64 \times 723$ ) 46.272 kr., yfirvinna tveggja vélamanna í fjóra daga ( $16 \times 1.156$ ) 18.496 kr., fæði tveggja vélamanna í fjóra daga ( $8 \times 2,805$ ) 22.440 kr., ferð með vélsleða á Bíldudalsflugvöll eftir varahlutum 1.500 kr. og kostnaður Iðntæknistofnunar að fjárhæð 20.242 kr. Alls hafi þessi kostnaður og tjón numið 635.539 krónum. Eftir að fyrir lá eðli bilunarinnar, hefði verið millifært á viðskiptareikning stefnanda hjá Vélum og Þjónustu hf., sem er umboðs- og þjónustuaðili fyrir Case-traktorsgröfur, 30. apríl 1989 152.135 kr., en sá aðili mun hafa gert við bilun af þessu tagi fyrir stefnda Vökvavélar hf. áður án árangurs. Stefnda Vökvavélum hf., hafi því verið fullkunnugt um vafasama viðgerð á vélinni, að því er varðaði „pinioninn“, og ábyrgðust Vélar og Þjónusta hf., að stefndu, Vökvavélar hf. og Guðjón Sveinsson, fengju bættan útlagðan kostnað vegna bilunarinnar, en auk þess mættu stefndu treysta því, að varahlutir yrðu fáanlegir í varahlutageymslu Véla og Þjónustu hf., ef bilun yrði.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi Vökvavélar hf. hafi selt stefnanda Case-traktorsgröfuna með leyndum galla, að því er varðaði viðgerð á „pinion“, sem hafi verið með suðugalla. Þessi galli hafi verið verulegur og valdið umtalsverðu tjóni. Er í þessu sambandi vísað til ákvæða 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Hvað varðar kröfugerð stefnanda á hendur stefnda Guðjóni, sé ljóst, að hann hafi verið forsvarsmáður stefnda Vökvavéla hf. og jafnframt sá, sem séð hafi um sölu gröfunnar til stefnanda. Sem

kunnugum manni um hinn leynda galla og þeim, sem annast hafi sölu gröfunnar til stefnanda, hafi honum borið að upplýsa forsvarsmenn stefnanda um gallann við söluna. Stefndi Guðjón sé því sá, sem leynt hafi forsvarsmenn stefnanda gallanum, og því sá, sem vinni hið skaðabótaskylda verk, sem grafan á hendur stefndu Vökvavélum hf. sé reist á. Með vísan til þess og þeirrar almennrar reglu skaðabótaréttar, að þeim, sem vinni ólögmat্ট verk, er tjón hljótist af, beri að bæta það, sé kröfum beint að stefnda Guðjóni.

## II.

### *Málsástæður og lagarök stefndu.*

Stefndu benda á, að stefnandi hafi keypt vélina, eins og hún var og hann hafi kynnt sér, svo sem í afsali segi, og geti hann því ekki krafist skaðabóta síðar. Stefnandi hafi vitað, að gert hafði verið við vélina, og geti því ekki krafist bóta vegna ætlaðrar bilunar á drifi. Jafnvel þótt stefnandi héldi því fram, að sér hefði ekki verið kunnugt um viðgerðina, þá hefði hann ekki sannað, að viðgerðinni væri um að kenna, að vélin bilaði. Stefndi hafi notað vélina með góðum árangri árum saman eftir viðgerðina. Vakin sé athygli á því, að stefnandi sé með vélina í miklum snjó, en vísastur vegur til að brjóta „pinion“ sé að skaka dráttarvélum fram og aftur í lélegu færi. Í skoðunargerð Iðntæknistofnunar Íslands komi hvergi óyggjandi fram, að orsök brotsins sé vegna viðgerðarinnar. Aðeins sé sagt, að líklegt teljist, að suðugallar séu valdir að því, að „pinion“ hafi brotnað. Þá sé talað um, að útlit brotsins bendi til einhvers og að öllum líkindum séu suðugallar ástæða „pinions“-brotsins. Talið sé, að vélar af þessu tagi (þ. e. traktorsgröfur) endist í 8–16 ár. Endingartími vélarinnar hafi því verið nær liðinn. Beri að taka tillit til þess, ef stefnanda yrðu dæmdar bætur. Í því sambandi er jafnframt bent á, að vélin vaxi að verðgildi við það, að sett sé nýtt fyrir gamalt. Hafi stefnandi átt einhvern rétt, hafi hann misst hann við það að tilkynna ekki stefnda um ætlaðan galla þegar í stað. Samkvæmt upplýsingum Véla og Þjónustu hf. taki það aðeins 2–3 klst. að rífa þessa hluti úr og setja þá í aftur, því að Vélar og Þjónusta hf. hafi sett „pinion“ upp, og hafi hann verið tilbúinn til ísetningar. Hafi ísetningin og biðin tekið allt of langan tíma. Stefndu beri ekki ábyrgð á afleiddu tjóni stefnanda. Stefnandi greini ekki frá því, með hvaða hætti hann ætli að styðjast við 42. gr. 1. nr. 39/1922, og sé það galli á málatilbúnaði hans. Þar sem grundvallarmunur sé á 1. og 2. mgr. 42. gr., verði að telja, að hann vísi til 1. mgr. 42. gr. Því sé allt að einu mótmælt, að stefndu hafi haft svik í frammi við söluna. Megi í því sambandi benda sérstaklega á, að stefnandi hafði notað vélina í alls konar vinnu í þrjú ár, án þess að nokkuð kæmi fyrir. Krafa stefnanda verði ekki skilin öðruvísi

en svo, að hann sé að krefjast skaðabóta, en ekki afsláttar, sbr. 1. mgr. 42. gr.

Um meðstefnda Guðjón sé það að segja, að hann hafi ekki aflað sér sjálfstæðrar skaðabótaskyldu, eins og stefnandi haldi fram í stefnu. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að stefndi Guðjón hafi með sagnæmum og ólögætum hætti orðið valdur að ætluðu tjóni stefnanda. Þá verði að telja, að stefnandi geti ekki átt sjálfstæða kröfu á hendur stefnda Guðjóni, nema fyrst hafi reynt á það, að hann hafi orðið fyrir tjóni, vegna þess að stefndi Vökvavélar hf. hafi ekki getað greitt bætur, sem dæmdar yrðu.

Um kröfugerð stefnanda er því haldið fram af stefndu, að stefnandi hafi ekki annað haft að gera á þeim tíma, sem vélin bilaði, og því sé ekki um tjón að ræða. Þá sé ljóst, að tímagjald sé allt of hátt, og er skorað á stefnanda að leggja fram þann samning, sem hann hafi unnið eftir, þegar atvik gerðust. Stefnandi geri enga tilraun til þess að rökstyðja þessa fjárhæð. Stefnandi hafi ekki lagt fram staðfest gögn, sem sýni þann kostnað, sem hann hafi orðið fyrir vegna mannahalds, og beri því að sýkna af þeirri kröfugerð. Sérstaklega er lið um yfirvinnu mótmælt. Svo sem gögn málsins beri með sér, hafi fyrirtækið Vélar og þjónusta lagt til alla nauðsynlega hluti vegna viðgerðarinnar, eins og um hafi verið samið. Að öðru leyti er kröfum og fjárhæðum mótmælt.

### III.

#### *Niðurstaða.*

Fyrir liggur í málinu yfirlýsing frá fyrirtækinu Vélum og þjónustu hf. til stefnda Vökvavéla hf. um bilun á drifi í gröfu þeirri, sem hér um ræðir. Þar segir m. a. svo:

„Í því sambandi viljum við staðfesta samkomulag okkar að á þeirri viðgerð, sem framkvæmd var á „pinion“, er tekin ábyrgð á meðan vélin er í þinni eigu, eða þú ábyrgður fyrir hugsanlegum göllum eftir sölu. Jafnframt viljum við staðfesta að þeir hlutir, sem um ræðir, verða til á varahlutalager okkar, þannig að ef bilun verður, þá verða varahlutir til taks.“

Millifærsla á viðskiptareikning stefnanda hjá Vélum og þjónustu hf., að fjárhæð 152.135 kr., 30. apríl 1989 virðist eiga rót að rekja til framangreindrar yfirlýsingar.

Í fram lagðri skoðunargerð Iðntæknistofnunar Íslands, þar sem fjallað er um ástæðu þess, að umræddur „pinion“ brotnaði, segir m. a. svo:

„Framkvæmd:

Framkvæmd var viðsjárskoðun á brotsári auk röntgenefnagreiningar (EDS) á gjallsýnum úr brotsári.“

„Viðsjárskoðun:

Við viðsjárskoðun kom í ljós, að brotsár er í suðuviðgerð. Brotsárið er óslétt og augljósar holumyndanir í suðu, sem opnast út í brotsárið. Flestar holurnar voru fylltar einhvers konar gjalli og var sýni úr því tekið til röntgenefnagreiningar.

Hörkumæling:

Harka málmisins mældist 340 á Vickers-kvarða (HV20) að meðaltali í suðu, en 400 á Vickers-kvarða á öxli nálægt suðu.“

„Ályktun:

Af ofantöldu verður að teljast líklegt að suðugallar séu valdir að því að „pinioninn“ hafi brotnað. Holar í suðu minnka þverskurðarflatarmál stálsins, sem leiðir til þess að álag á hverja flatarmálseiningu verður hærra, sem minnkar heildarálagsþol „pinionsins“ verulega. Röntgenefnagreiningin bendir til þess að gjallið eigi rætur að rekja til suðunnar. Hörkumæling bendir til þess að harka suðunnar og þá um leið álagsþol suðunnar sé minna en öxulsins. Útlit brotsársins bendir til þess að suða sé ekki einsleit, sem myndi minnka enn frekar álagsþol „pinionsins“. Slíkt er unnt að sannreyna með smásjárskoðun á sýni úr suðunni, en ekki þótti ástæða til að rannsaka frekar að svo komnu, þar sem holumyndanir eru það miklar að álagsþol „pinionsins“ er verulega skert. Niðurstaða rannsóknarinnar er því sú að að öllum líkindum séu suðugallar ástæða „pinions“-brotsins.“

Af málaltilbúnaði og máflutningi stefnanda fyrir dómi er ljóst, að hann reisir kröfugerð sína á 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Telja verður nægilega í ljós leitt með framangreindri skoðunargerð, að galli í suðu hafi verið ástæða þess, að umræddur „pinion“ brotnaði. Aðila greinir á um það, hvort stefnanda hafi verið skýrt frá því fyrir kaupin, að gert hafi verið við drifið með þessum hætti og að Vélar og Þjónusta hf. tæki ábyrgð á þeirri viðgerð samkvæmt fyrrgreindri yfirlýsingu. Ósannað er gegn andmælum stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um þessi atriði. Af hálfu stefndu hefur því ekki verið gætt upplýsingaskyldu við söluna að þessu leyti, en með öllu er ósannað, að um sviksamlega leynd hafi verið að ræða. Engu að síður telst stefndi Vökvavélar hf. bótaskyldur gagnvart stefnanda á grundvelli 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, enda er um ágalla að ræða, sem ekki var unnt að sjá við venjulega skoðun. Ekki verður séð, að stefnandi hafi firt sig bótarétti sökum tómlætis. Stefndi Guðjón Sveinsson var ekki persónulega aðili að sölu þessari, og eru engin efni til þess, svo sem atvikum máls er háttað, að fella sjálfstæða bótaábyrgð á hendur honum. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu, en fella ber málskostnað niður, að því er þennan stefnda varðar.

Við mat á tjóni stefnanda koma til skoðunar þeir reikningar, sem hann hefur lagt fram til stuðnings bótakröfu sinni.

Taka ber til greina eftirfarandi reikningskröfur hans: viðgerðarreikning frá Vélsmiðju Tálknafjarðar, að fjárhæð 57.813 kr., varahlutakaup hjá Vélum og Þjónustu, að fjárhæð 154.312 kr., varahlutakaup hjá Fálkanum, að fjárhæð 8.824 kr., kostnað við að sækja varahluti 1.500 kr. og kostnað Iðntæknistofnunar, að fjárhæð 20.242 kr. Gegn andmælum stefndu og þar sem stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á með málatilbúnaði sínum, að hann hafi orðið fyrir vinnutapi vélar vegna bilunarinnar, ber að hafna kröfu hans, að fjárhæð 305.640 kr. Þá verður og ekki fallist á gegn andmælum stefnda, að greiða beri stefnanda laun og fæðiskostnað tveggja vélamanna í fjóra daga, eins og krafist er, en eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði 40.000 kr. vegna nauðsynlegrar viðgerðarvinnu starfsmanna stefnanda við vélina á bilunarstað. Til frádráttar komi innborgun, að fjárhæð 152.135 kr., 30. apríl 1989.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda Vökvavélar hf. til þess að greiða stefnanda 130.556 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1989 til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaðarfjárhæð skal bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi Guðjón Sveinsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Borgarverks hf., í máli þessu. Málskostnaður fellur niður, að því er þennan stefnda varðar.

Stefndi Vökvavélar hf. greiði stefnanda, Borgarverki hf., 130.556 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1989 til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað. Skal málskostnaðarfjárhæð bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---